

Til allra bæjar- og sveitarstjóra

Reykjavík, 26. október 2016

Tilvísun BÍ: 2016101798/6.6.7.0

Efni: Skýrsla um fasteignamat 2017

Þjóðskrá Íslands er sönn ánægja að tilkynna útgáfu skýrslu um fasteignamat 2017. Skýrslan um fasteignamat kemur nú út í sjöunda sinn og er stöðugt unnið að því að gera efni hennar betur skil. Í skýrslunni er aðferðum lýst ítarlega sem beitt er við árlegt endurmat fasteigna og birtar fjölmargar töflur, formúlur og gröf til skýringa.


Samkvæmt lögum, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna skal endurmeta fasteignamat allra fasteigna 31. maí ár hvert miðað við gangverð eins og það var í næstliðnum febrúar. Fasteignamatið tekur gildi 31. desember 2016 og gildir fyrir árið 2017.

Hver fasteignaeigandi hefur fengið rafrænan tilkynningarseðil á „Mínum síðum“ á þjónustu- og upplýsingaveitunni Ísland.is með upplýsingum um nýtt fasteignamat eigna hans. Auk þess er hægt að nálgast upplýsingar um matið með endurgjaldslausri uppflettingu á einstökum eignum á heimasíðu stofnunarinnar skra.is.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, sbr:
<http://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>

Hafa má samband við Þjóðskrá Íslands og óska eftir innbundnu eintaki af skýrslunni.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Margrét Hauksdóttir
Forstjóri